

## Setningarávarp

Hreinn Haraldsson  
Framkvæmdastjóri þróunarsviðs Vegagerðarinnar

Ágætu ráðstefnugestir.

Því er haldið fram um allan heim að öflugt rannsókn- og þróunarstarf sé forsenda framfara í nútímasamfélögum. Aldrei áður hefur verið jafn mikil gróska á því sviði og undanfarinn áratug, og þá ekki síður á Íslandi en í öðrum löndum. Heildar fjármagn til rannsókna og þróunar hérlendis var til dæmis um 1% af þjóðarframleiðslu árið 1990, en er nú komið yfir 2 ½ %, og við förum þar með að nálgast þau ríki sem mestu verja til þessa málaflokks. Til samanburðar má nefna að til vegagerðar er varið uppundir helmingi minna fjármagni, eða um 1 ½% af þjóðarframleiðslu.

Miklar breytingar urðu einnig á umfangi rannsókna hjá Vegagerðinni á síðasta áratug. Meginbreytingin varð með nýjum vegalögum sem samþykkt voru 1994, en þar var kveðið á um að verja skyldi 1% af mörkuðum tekjum Vegagerðarinnar til rannsókna og tilrauna ár hvert. Í beinu framhaldi var stofnað Rannsókn- og þróunarsvið, í nóvember 1994. Einnig má nefna að með aðild Íslands að evrópska efnahagssvæðinu sköpuðust nýir möguleikar á auknu samstarfi við aðrar Evrópuþjóðir, og jafnframt möguleikar á fjármögnun úr sjóðum Evrópusambandsins til rannsókna hér á landi.

Framkvæmdastjóra Rannsókn- og þróunarsviðs var falið að stýra rannsóknarstarfinu frá degi til dags og móta starfið í heild sinni. Honum til ráðuneytis skipaði vegamálastjóri ráðgjafanefnd, en hún á einkum að vera til ráðuneytis um skiptingu fjárveitinga og um tilhögun rannsókna. Við úthlutun úr rannsóknasjóði er reynt að velja verkefni úr öllum áttum, sem taka á ólíkum þáttum í starfsemi Vegagerðarinnar. Hugmyndir og umsóknir um verkefni geta jafnt orðið til innan stofnunar sem utan, enda öllum frjálst að sækja um fjárveitingar og styrki. Þótt mörg dæmi séu um styrki til grunnrannsókna og þróunarverkefna, hefur megináherslan ávallt verið á “hagnýt” verkefni. Ég ætla að um 15% af fjármagninu renni nú til grunnrannsókna, 15% til þróunarstarfsemi og 70% til hagnýtra verkefna, þegar miðað er við skilgreiningar Rannsóknarráðs Íslands. Oft er um samstarfsverkefni að ræða, þar sem fjármögnun skiptist milli Vegagerðarinnar og annarra stofnana, fyrirtækja eða sjóða. Í dag er staðan sú, að um 25% af rannsóknarfénu rennur til verkefna sem unnin eru innan stofnunar og um 75% til annarra, bæði Háskóla Íslands, Háskólans á Akureyri, stofnana, fyrirtækja, ráðgjafa og einstaklinga. Það má ætla að alls vinni yfir 50 einstaklingar að rannsóknarverkefnum Vegagerðarinnar, og að samtals séu það uppundir 10 ársverk.

Það er ekki stefna Vegagerðarinnar að reka umfangsmikla rannsóknarstarfsemi innan dyra, en leita heldur til sérfræðinga utan stofnunar við lausn vandamála og verkefna á

sviði vegagerðar og samgöngumála. Auk þess að fela þessum aðilum ákveðin verkefni sem stofnunin vill leysa, er eins og áður sagði ekki síður algengt að sótt sé um styrki til verkefnahugmynda sem verða til annars staðar í samfélaginu.

Það fé sem rennur til rannsókna og tilrauna Vegagerðarinnar er nú árlega um 100 milljónir króna. Á hverju ári er sótt samtals um mun hærri fjárveitingar og styrki en sem þessu nemur, og er ávallt vandasamt að velja þau verkefni sem studd eru hverju sinni. Undanfarin ár hafa það verið um 100 einstök verkefni á ári, og fjárveiting til hvers þeirra því um 1 milljón króna að meðaltali.

Það hefur lengi verið stefna okkar sem stýra þessu rannsóknarstarfi að reyna að kynna betur útávið þau verkefni sem unnið er að með tilstyrk Vegagerðarinnar. Nú þegar nýr starfsmaður hefur verið ráðinn til Rannsókna og þróunar hefur betur verið unnt að sinna þeim þætti. Nú má til dæmis finna á vefsíðu stofnunarinnar upplýsingar um öll verkefni sem unnið er að hverju sinni, þar sem greint er frá markmiði og væntanlegum árangri, tímaáætlun og umsjónarmanni verkefnisins.

Og nú hefur einnig ræst sá draumur okkar að halda sérstaka ráðstefnu um rannsóknir Vegagerðarinnar, til að kynna þær betur fyrir fólki innan og utan stofnunar. Þetta er fyrsta ráðstefnan af því tagi en ekki sú síðasta. Eins og gefur að skilja er ekki unnt að kynna á einum degi nema brot af þeim verkefnum sem unnið hefur verið að. Við höfum reynt að velja sem fjölbreyttast efni, til að gefa einhvers konar þverskurð af rannsóknarstarfinu, og skiptum efninu í dagskránni í sömu flokka og við gerum við úthlutun fjárveitinga. Allir verkefnisstjórar og aðrir þátttakendur sem við leituðum til varðandi kynningu verkefna hér á ráðstefnunni tóku erindi okkar vel, og vil ég hér með færa þeim bestu þakkir fyrir.

Ég vona að í dagskrárlok verði allir orðið nokkru fróðari um það rannsóknarstarf sem unnið er að tilhlutan Vegagerðarinnar, og gefi sér síðan tíma til að hittast og spjalla nokkra stund í þessu fallega húsi meðan léttar veitingar verða fram bornar. Sem framkvæmdastjóri þróunarsviðs lýsi ég ráðstefnuna setta, og fel forstöðumanni Rannsóknardeildar stjórn hennar.

-----

Góðan dag ! Ég þakka traustið !

Við munum hlýða á 3 erindi fram að kaffihléi og síðan 6 erindi fram að matarhléi. Þar eð dagskráin er mjög stíf er ekki tími fyrir fyrirspurnir eftir hvert erindi, og ég bið alla fyrirlesara að halda sig við tímamörkin. Ef tími gefst til munum við taka um 10 mínútur undir stuttar fyrirspurnir varandi öll erindin rétt fyrir matarhléið.

Í fyrsta erindinu mun Ásdís Guðmundsdóttir, deildarstjóri Rannsókna og þróunar hjá Vegagerðinni, greina frá Rannsóknasjóði Vegagerðarinnar.